

## *Þú gafst þinn einkason* (Jóhannes 15:13)

1. Í myrkri við vorum,  
þú manst það, Jehóva.  
En gjaldið til lausnar  
veitti mönnum von.  
Líf okkar gefum þér,  
það besta gjöfin er.  
Við fræðum gjarnan fólk  
um vilja þinn og son.

*(VIÐLAG)*

*Þú gafst þinn einkason  
og veittir öllum von.  
Þér syngjum þakkarsöngva  
því okkur gafst þú eigin son.*

2. Þín gæska og miskunn  
oft laðar fólk að þér.  
Þinn vinskapa og nafnið  
elskum við svo heitt.  
En enn þá stærri gjöf,  
sú besta' í sinni röð,  
er sonarfórnin dýr  
sem öllu hefur breytt.

*(Viðlag)*

*Niðurlag*

Þig nálgumst og þökkum þér ávallt, Jehóva.  
Við færum fram þakkir því þú gafst þinn eigin son.